

VSÓ Ráðgjöf
Björn H. Barkarson
Borgartúni 20
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. nóvember 2012
Tilvísun: UST20121100048/bs

Drög að tillögu að matsáætlun - Rannsóknarboranir við Eldvörp í Grindavíkurbæ. Umsögn

Vísað er til erindis VSÓ Ráðgjafar dags, 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind drög að matsáætlun.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir að tillögu um matsáætlun:

Borplan B: Umhverfisstofnun telur að ekki ætti að staðsetja Borplan B svo nærri gíggunum. Gera ætti grein fyrir hvort unnt sé að nýta plan við holu EG-2 í staðinn til að koma í veg fyrir rask svo nærri gíggunum.

Ráðgert er að bora fyrstu rannsóknarholur frá borplönunum A og D. Umhverfisstofnun telur þetta jákvætt þar sem í þessu verklagi felst viðleitni til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á rannsóknartíma. Í ljósi þeirra markmiða að aflað verði nægra upplýsinga með þremur rannsóknarholum telur Umhverfisstofnun að falla eigi frá fyrirætlunum um fleiri borplön austan Eldvarpa, ekki síst í ljósi þess að ný borplön vegna borana rannsóknarhola kunnri að hafa varanleg áhrif á svæði á náttúruminjasrá, og staðsetning borplana endurmetin í tengslum við mat á vinnslutilhögun sem lýst yrði í sérstakri matsáætlun virkjunar ef sú framkvæmd verði talin fýsileg.

Frágangur: Umhverfisstofnun telur að ef niðurstaða rannsóknarborana verður sú að engin virkjun verði reist í Eldvörpum eigi að fjarlægja algerlega öll borplön og ganga frá holum þannig að ummerki verði lítt áberandi.

Förgun affallsvatns og skolvatns: Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um aðferðir til vatnsförgunar í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af slíkri losun við Svartsengi. Rökstutt verði með tilvísan til fyrri reynslu hvaða árangurs megi vænta af þeim aðferðum sem til greina koma.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að förgun vatns frá rannsóknarborunum verði í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999.


Valkostir: Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um aðra valkosti varðandi mögulega staðsetningu virkjunar m.t.t. röskunar á gígaröð og hraunstraumi sem runnið hefur frá henni.


Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugað svæði sem rannsóknarboranir eiga að fara fram á,

er svæði nr. 106 á náttúru-minjaskrá Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg en þar segir m.a. um svæðið " Reykjanesið er framhald Reykjaneshryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjarbunga og Sandfellshæð ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn." Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við rannsóknarboranirnar verði verndargildi svæðisins raskað eins lítið og kostur er og leitast verði við að framkvæmdir verði eins afturkræfar og hægt er.

Að öðru leyti en að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við drög að matsáætlun.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri


Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri